



# Pési

Næsti Pési kemur út  
13. ágúst. 2015. Efni  
þarf að berast í síðasta  
lagi 10. ágúst 2015.

## Hátíðardagskrá í Hrunamannahreppi 17. júní 2015



Lýðveldið Ísland



Dagskráin hefst með skrudgöngu kl. 13.00. Gangan leggur af stað frá félagsheimilinu þaðan sem gengið verður um Listigarðinn og nágrenni, undir trommuslætti og lúðrablæstri. Að því loknu hefjast hefðbundin hátíðarhöld í Listigarðinum, ef veður leyfir. Reynist veður ekki hagstætt munu ræðuhöld fara fram í félagsheimilinu.

Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur flytur hugveku og Sigbrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins flytur hátíðarræðu. Íþróttamaður ársins í Hrunamannahreppi verður valinn í fjórða sinn, Íslandsmeistarar Hrunamanna 2014 heiðraðir og Umhverfisverðlaunin 2015 afhent.

- ✓ 17. júní hlaupið verður ræst af stað strax eftir hátíðardagskrána. Rásmark verður staðsett nálægt leikskólanum á Langholtsvegi.
- ✓ Unglingadeildin Vindur mun bjóða upp á andlitsmálningu. Blöðru- og nammisala verður á staðnum. ATH! Enginn posi er á staðnum.
- ✓ Hoppukastalar.
- ✓ Einar Mikael, töframaður og Viktoría, töfrakona skemmta gestum með spennandi sýningu í félagsheimilinu.
- ✓ Sundlaugarsprell. Hverjir mætast að þessu sinni?
- ✓ Gert er ráð fyrir að skipulagðri dagskrá ljúki um kl. 17.00.

Opið er hjá ferðapjónustuaðilum í sveitinni þennan dag og eru hátíðargestir hvattir til að nýta sér þjónustu þeirra.

Gleðilega hátíð!

Nefndin.

Júní 2015  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

25. árgangur.  
294 tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Júní mánuður er runninn upp og varla komið vor. Það má segja að Ísland sé óútreiknanlegt og brandarinn snýst núna um að það vísi á gott ár ef vor og haust frjósi saman. Að því slepptu er ljóst að allur gróður er seinna á ferðinni. Sérstaklega er óljóst hvernig fer með hálendið en ljóst er að þar er enn hálfgerður vetur. Vonandi endar þetta allt saman vel því stundum er sagt að betra sé að byrja illa en enda vel en öfugt.

Það er ánægjulegt að búið er að skrifa undir samkomulag við Límtré-Virnet um stækkun á verksmiðjunni á Flúðum. Þetta styrkir atvinnulífið í sveitarfélaginu og reyndar í Uppsveitum öllum. Verkefnið var svolítið að forða því að uppbygging á nýrri steinullarlínu myndi enda í Borgarnesi en sem betur fer endaði þetta svona. Síðan er gaman að vita að Límtré-Virnet er að ná vopnum sínum í rekstri og á ég von á að þetta öflugra fyrirtæki verði stoð og stytta okkar í samfélaginu.

Annað verkefni sem er á lokametrunum er samningsgerð við Fannborg ehf um leigu á 6,14 ha lóð í Kerlingarfjöllum undir hálendismiðstöð. Það var ánægjulegt að í kjölfar auglýsingar á lóðinni að þeir aðilar sem hafa rekið starfssemi þarna sýndu þessu áhuga en töluverð uppbygging er fyrirhuguð á svæðinu af þeirra hálfu. Okkur sýnist að ferðaþjónusta sé að þróast þarna í jákvæða átt og einnig er tryggt að umsjón og eftirlit verði með svæðinu því nauðsynlegt er að verða á undan ferðamannaflóðinu með uppbyggingu og aðstöðu. Þá er ekki síður mikilvægt að tryggt er að reynt verður að vera áfram með fyrirbyggjandi aðgerðir um verndun náttúrunnar á svæðinu með stjórnun, stýringu og uppbyggingu á afmörkun gönguleiða, upplýsingargjafar o.fl.

Þá liggur einnig fyrir samkomulag milli Hitaveitu Flúða og HS Orku um rannsóknir á Kópvatnsholunni. Það er ánægjulegt að geta tekið þetta mál á næsta stig því ef niðurstöður verða jákvæðar gæti þetta verið vísir að rafmagnsframleiðslu í sveitinni. Svo er í sjálfu sér verkefnið bara réttlætlanlegt til að gleðja þá góðu menn, Kópvatnsbræður, til að þeir muni sjá holuna gjósa aftur.

Samt er það ekki svo að allt gangi upp eins við hefðum viljað því verk-efnið hjá Stolt Sea Farm um uppbyggingu á styrjueldi í sveitarfélaginu virðist því miður lokið. Hins vegar er ég sannfærður um að við eigum mikið inni í fiskeldinu og örugglega tækifæri fyrir aðila, innan og utan sveitar, að skoða þessi mál mál betur þar sem „volga vatnið“ bókstaflega lekur nánast upp úr jörðinni.

Einn sumarboði þó er að Flúðaskóla hefur verið slitið og nemendum sleppt inn í sumarið. Það er gæfa okkar að eldri börnin eru virk í atvinnuþátttöku, bæði almennt séð og í vinnuskóla sveitarfélagsins. Það er ekki síður skóli að unglingarnir læri að vinna og standa við þær skuldbindingar sem vinnan felur í sér. Síðan er lífleg starfssemi í kring um Ungmennafélagið og önnur félagasamtök á sumrin þannig að vonandi finna börnin okkar sér ýmislegt til dundurs í sumar.

Það þarf ekki að efast um að mikið ferðamannasumar er að hefjast og eflaust verður ekki skortur af fólki á svæðinu. Líkur eru á því að hátíðir sumarsins verði með svipuðum hætti, verslunarmannahelgin væntanlega á sínum stað og uppskeruhátíðin í haust en Bylgjulestin verður víst í fríi hér þetta árið. Hvet ég fólk og fyrirtæki í sveitarfélaginu að nýta sér hátíðirnar og sumarið sem tækifæri til að selja þjónustu og ekki væri verra að skapa ný fyrirtæki í þessum geira. Þá er ég einnig sannfærður um að Gamla laugin, golfvellirnir, fótboltagolfið og frísbýgolfvöllurinn munu trekkja að fyrir þá sem eru að leita sér að afþreyingu.

Að lokum við ég hvetja fólk til að taka þátt í 17. júní hátíðarhöldunum á Flúðum. Nú stendur til að nota „Bæjargarðinn“ á Flúðum að hluta til undir atburði hátíðarinnar ef veður leyfir. Verður spennandi að sjá hvort það tekst þetta árið en þessi garður okkar er að verða alveg frábær.

Þesinn mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður víst enginn júlípistill. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótið þess vel og lengi  
Jón G. Valgeirsson



**Skrifstofa Hrunamannahrepps.**

**Opnunartími .**

**Mánudaga til fimtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00**

**Föstudaga: 09:00-12:30.**

**Lokað vegna sumarleyfa frá 6.júlí til 24.júlí**

# Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



## Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## Til sölu!!

Voldugt rúm úr massívri furu, stærð 120x200.

Einnig antik mubla, sem er sambyggt útvarp, segulband og plötuspilari.

Stærð: Br.147 cm. Hæð 87 cm. Þykkt 47 cm. Er í lagi.

Skemmtari, tveggja borða yamaha.

Upplýsingar í síma: 486 6725 og 869 1341



## Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

# Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opnið alla daga vikunnar

[www.fontana.is](http://www.fontana.is)



LAUGARVATN  
**fontana**  
Höfuðind frá landnámi

Ég heiti **Andrea Ósk** og í sumar langar mig að **passa börn** á aldrinum 3 til 8 ára. Þeir sem áhuga hafa geta haft samband við mig í tölvupósti

**04-andrea@fludaskoli.is** eða

á **facebook.com**



Stóðhesturinn Teigur frá Ásatúni (a.e. 8,13) verður í Ásatúni í sumar og tekur við hryssum í girðingu eftir 25.júní. Teigur er undan Fursta frá Stóra-Hofi IS200186002 og Evu frá Kirkjubæ IS1989286109. Tollur 70,000,+vsk. Nánari uppl. gefa Grímur s:896 6683 og Guðbjörg s:898 6683



### **Félagsmiðstöðin Zero**

Starfsmann vantar í 60% starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is). Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 19. júní n.k.

## Samkaup strax

### Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-22:00
<b>Sunnudaga</b>	10:00-22:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax  
á Flúðum.

Sími 486 6633

[fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is) <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.  
Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum  
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Hand-  
snyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



**Upplit**

Menningarklasi uppsveita Árnessyslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir



**HVAMMUR II**  
*garðyrkjustöð*

Garðyrkjustöðin Hvammur 2  
(Við Flúðir)

Höfum til sölu úrval af trjám,  
runnum og sumarblómum.

Matjurtir og kryddplöntur.

Gjafabréf.

Símar: 4866640, 8956014

Jóhannes,

8642154 Kristín, 8980913 Helgi

Netfang: hvammur2@simnet.is

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

**ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM**

**SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866**

**BREYTTUR OPNUNARTÍMI**

**OPIÐ VIRKA DAGA 10-17**

**LAUGARDAGA 11-13**



**17. júní.**

Grillað lambalæri með tilheyrandi meðlæti.

Frá kl. 18.00 - 21.00

Borðapantanir í síma 774 7440



28 stk flúorsljós  
til sölu.

3 x58w thorn ljós.

Upplýsingar hjá sveitar-  
stjóra á Skrifstofu Hruna-

mannahrepps. Sími: 480 6600, netfang: [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)



**LAGNA**  
**POSTULINN**

Viðar Magnússon Pípulagningameistari  
Kringlumýri 1 800 Selfoss

Sími 893-0085 Netf. [vidarm@simnet.is](mailto:vidarm@simnet.is)



# Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufraeðingur  
Sími: 858-3399  
graennaland@simnet.is

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

**ATH!breytt símanúmer**



**Flúðaleið ehf**



**Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



Í tilefni 17.júní.



Kaffihlaðborðið vinsæla verður á sínum stað í Snússu frá kl.14-17 allir velkomnir.



Gefins þakjárn!

Ýmsar lengdir, ástand mismunandi. Upplýsingar í síma: 867 6752



Handverksfólk!

Til sölu alls konar gísmót, upplýsingar í síma: 486 6725 og 869 1341

Tek að mér afleysingar og ýmiskonar vinnu, fyrir bændur og aðra sem þess óska.

Mads Jörgensen S:8458307

Reykholt



## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga: 12:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

## Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Föstudaga til sunnudaga: LOKAÐ.

Í júní er opið: Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl: 17:00-20:00.

Í júlí er opið: 2.júlí frá kl: 17:00-20:00.


6-20 ágúst er opið: Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl: 17:00-20:00



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



# LímtréVörnet

## Gefins trjáplöntur

Vegna framkvæmda þurfum við á næstunni að fjarlægja nokkra tugi af 6-10 m háum öspum af lóð okkar í Torfdal.

Hafi einhver not fyrir svona plöntur getur sá hinn sami fengið þær endurgjalds-laust gegn því að sækja þær á staðinn.

Áhugasamir hafi samband við Sigmund í síma 617 5372

S.S. fréttir.

Afleiðingar yfirstandandi verkfalla hafa margvísleg erfiðleika áhrif á rekstur einstaklinga og fyrirtækja. Í landbúnaði, sem annars staðar. S.S. fer ekki varhluta af þessu ástandi. Engum nautgrip hefur verið slátrað í nokkrar vikur, og eru margir bændur í vandræðum, þess vegna. Félagið biður viðkomandi, að vera í sambandi, því allt verður sett á fullt í slátrun um leið og úr þessu leysist, og vonandi hefur það orðið þegar þessi skrif birtast. Hvað viðvíkur sauðfjárslátrun á komandi hausti, þá gæti orðið breyting þar á, frá því sem verið hefur. Vegna mikils sláturkostnaðar og tregðu á sölu lambakjöts, verður aðhalds gætt í hvívetna. T.d. verður ekki slátrað á laugardögum og til að geta afsett allt sem býðst, þarf að nýta upphaf sláturtíðar betur. Sauðfjárþændur eru hvattir til að ígrunda þetta af alvöru. Á vef s.s. er mismunandi útfærsla á álagsgreiðslum milli vikna, og eru þær hæstar í upphafi hausts.

Með von um betri tíð og blóm í haga.

Bestu kveðjur. Jóhanna

## Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **föstudaginn 19. júní 2015**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímapantanir í síma: 863 0433

**Allir velkomnir!**

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur





## RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS



### Kaffi-Sel, golfskálanum að Efra-Seli

Opið alla daga frá kl. 8.00 til 20.30

**Bændamarkaðurinn mun opna um mánaðarmótin, maí – júní.**

**Verið hjartanlega velkomin  
Kaffi-Sel - Sími 486-6454**

Heimasíða: [www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is) Netfang: [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is) Facebook – Kaffi-Sel

**Lausar íbúðarlóðir:**

Suðurhof 2, einbýli.

Miðhof 2, einbýli.

Miðhof 4, einbýli.

Högnastígur 7, einbýli.

Högnastígur 9, einbýli.

Högnastígur 16, einbýli.

Högnastígur 18, einbýli.

Ljónastígur 7, einbýli.

Ljónastígur 9, einbýli.

Austurhof 1a og 1b, parhúsalóð.

Smiðjustígur 11a, 11b og 11c, raðhúsalóð.

Smiðjustígur 13a, 4 íbúðir í tveggja hæða húsi.

**Lausar iðnaðarlóðir:**

Iðjuslóð 2b, 3, 4a, 4b, 5a, 5b, 6a, 6b, 7a, 7b og 8.

**Lausar verslunar- og þjónustulóðir:**

Hrunamannavegur 3.

Hrunamannavegur 5.

Sneiðin 1.

**Lausar garðyrkjulóðir:**

Mýrarstígur 2.

**Lausar hesthúsalóðir:**

4 lausar lóðir í A og B götu, 2 stór hesthús og 2 minni.

Lóðunum er úthlutað skv. úthlutunarreglum fyrir Flúðir sem er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins [fludir.is](http://fludir.is). Umsóknareyðublöð fyrir byggingarlóðir á Flúðum er hægt að fá á skrifstofu Hrunamannahrepps eða heimasíðu sveitarfélagsins.

Öllum umsóknum skal skilað til skrifstofu sveitarfélagsins að Akurgerði 6, 845 Flúðum.

**Íbúðir fyrir eldri borgara 60+**

Vesturbrún 22-28, 4 íbúðir fyrir 60+

Gert er ráð fyrir að einstaklingar geti byggt og átt íbúð á raðhúsalóð sveitarfélagsins í umhverfi eldri borgara að Heimalandi á Flúðum.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-6600 eða í netfang [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is).

## Frá Bókasafni Hrunamanna



### Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18



Munið! **Alltaf** hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna ☺



Verið velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

## Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Tækjaleiga búnaðarfélagsins hefur verið lífleg núna í vor. Okkur langar að minna leigutaka á þrif tækjanna. Það verður að skila tækjunum hreinum eftir notkun svo að hætta á að bera smit milli bæja sé lágmörkuð. Taðdreifarinn er dálítið erfður í þrifum, en það er alveg nauðsynlegt að þrifa hann jafnt að utan sem innan, þar með talið sniglana. Þetta er sérstaklega áriðandi ef dreifarinn hefur verið notaður í kindaskít. Eins er með plóga og tætarar sem eru að fara milli garðlanda, það verður að þrifa þá vel svo ekki berist illgresi milli garða. Ef tæki skilast skítugt leggja umsjónarmenn tækjanna á skitagjald að upphæð 15.000 + VSK. Sem betur fer gerist þetta sjaldan.

Í vor voru endurnýjaðir 5 skera plógurinn og valtarinn. Pinnatætaranum verður skipt út núna næstu daga. Búið er að festa kaup á 2 hesta hestakerru og er hún væntanleg í júlí. Loks verður endurnýjaður kornvalsinn og er nýi valsinn væntanlegur í ágúst.

*Stjórn Búnaðarfélags Hrunamanna (Aðalsteinn, Sigurjón og Þórunn)*



Sigurbjörg Hreiðarsdóttir og Guðrún Sveinsdóttir púðbúnar í „1865“ messu í Hrunakirkju þann 7.júní.

Ragnheiður Björk Einarsdóttir ásamt Elsu Ingjaldsdóttur formanni UMFH, en Ragnheiður var á dögnum valin: Íþróttamaður UMFH.



Kirkjukór Hruna og Hrepphólasókna ásamt 4 prestum í „1865“ messu þann 7.júní sl en messan var liður í 150 ára afmælisdagskrá Hrunakirkju.